


Samningur milli sérgreinalækna og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fellur úr gildi þann 31.12.2018.

Frá 1. janúar 2019 mun Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði vegna þjónustu sérgreinalækna samkvæmt gjaldskrá um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við SÍ. sbr IV. kafli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Gjaldskrá og reglugerð bíður birtingar í Stjórnartíðindum og í framhaldi mun hún einnig birtast á heimasíðu SÍ.

- Einingarverð sérgreinalækna verður frá 1. janúar 2019: **427 kr.**
- Einingarverð SÍ vegna einnota áhöld og efni verður frá 1. janúar 2019: **184,40 kr.**
- Fast gjald **ósjúkratryggðra** við komu til sérgreinalækna hækkar úr 4.500 kr í 4.700 kr og er því gjaldi breytt í stilligildi **3014**. Til þess að breyta stilligildi er farið í „Umsjón“ – „Stillingar“ – „Stillingar“. Sjá mynd:



Tekur gildi 1. janúar 2019.

Leiðbeiningar til þess að breyta einingaverði í Sögu:

Til þess að breyta verði sérfræðieininga í Sögu er farið inn í „Umsjón“ – „Stillingar“ – „Einingaverð“. Smellið í línuna „Sérfræðingaeining“ og breytið verðinu sem birtist í glugganum fyrir ofan. Smellið á Enter eða á Tab lykilinn á lyklaborðinu og þá breytist verðið. Athugið að þeir sem nota „Hjartaómun“ og „EKG og Holter“ þurfa líka að breyta verðinu þar í **427,00 kr.**

| Nr. * | Heiti einingar * | Verð * | Gerð korts | SÍ þjónustuflokkur | Virkt? | Nota formúlu |
|-------|--------------------------------|--------|-----------------|---|-------------------------------------|-------------------------------------|
| 1 | Sérfræingaeining | | 0 - Almenn kort | Hlutur sjúklings í reikningi sérfr. | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 1 | Sérfræingaeining | | 0 | Hlutur sjúklings í reikningi sérfræings | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 2 | Rannsóknar- og röntgeneining | | 0 | Rannsóknargjald | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 3 | Röntgen | | 0 | Röntgengjald | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 4 | Sjúkráþjálfun | | 0 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 5 | Talþjálfun | | 1 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 6 | Iðþjálfun | | 1 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 7 | þjónusta ljósmæðra í heimahúsi | | -1 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 8 | Frumurannsókn Glæsbæ | | 0 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 10 | Sálfræðipjónusta barna | | -1 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 11 | Hjartaömun | | 0 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 12 | EKG og Holter | | 0 | | <input checked="" type="checkbox"/> | <input checked="" type="checkbox"/> |

Athugið að Sjúkratryggingar Íslands vilja taka það fram að ef lækningar ætla að rukka eitthvað sem á ekki að senda til SÍ þá eiga þeir að setja það á **sér reikninga** – ekki að blanda saman SÍ gjaldliðum við nýja gjaldliði sem þeir eru að búa til. SÍ munu ekki taka við slíkum reikningum þar sem það mun koma villuboð sem verður til þess að SÍ getur ekki afgreitt reikninginn.

SÍ vísar í ákvæði í eftirfarandi reglugerð: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/505-2013>

Sbr. í 14 gr. stendur m.a.

„Rafrænt skjal sem frumgagn í bókhaldi viðtakanda telst áreiðanlegt ef hægt er að sýna fram á að gögnum og öðru innihaldi þess hafi ekki verið breytt eftir útgáfu þess“

Það er ljóst að ef SÍ tekur aðeins við hluta af gögnum reiknings þá hefur innihaldi reiknings verið breytt. Það er því ljóst að það þarf að gera sér reikninga vegna annarra gjalda en þeirra sem eru innan greiðsluþátttöku SÍ.

Lækningar mega hvorki hækka einingarverðið né fjölda eininga á gjaldalið á því sem er sent til SÍ. Það verð sem lækningar setja á gjaldaliði sem eru ekki sendir inn til SÍ er SÍ ekki að skipta sér af og **þessi upphæð fer ekki upp í greiðsluþak sjúklings.**

Ef sérgreinalækningar ætla að búa til nýja gjaldaliði í Sögu sem eru aðskildir frá gjaldaliðum SÍ og fara í sér reikning þá geta þeir farið eftir eftirfarandi leiðbeiningum:

- 1. Búa til nýjan gjaldalið** undir „Umsjón“ – „Stillingar“ – „Gjaldaliður“ og passa þar að tengja gjaldaliðinn ekki við SÍ gjaldflokkan. Því næst er farið í „Verðskrá“ og þar eru búnir til verð á þennan nýja gjaldalið fyrir alla gjaldflokkan. **Gera þarf sér reikning fyrir þessa gjaldaliði eins og sagt er hér fyrir ofan.**

Ef þið þurfið aðstoð við þetta þá sendið okkur póst á thjonusta@origo.is.